

# FUNDARGERÐ

aðalfundar HEF veitna ehf. árið 2023 haldinn í Þingmúla í Valaskjálfi  
fimmtudaginn 23. mars 2023 kl. 16:30.

## Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra
2. Rekstrar- og efnahagsreikningur ársins 2022, ásamt skýrslu endurskoðanda félagsins til samþykktar
3. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps
4. Laun stjórnarmanna
5. Breytingar á samþykktum
6. Stjórn félagsins kjörin og endurskoðandi
7. Önnur mál

Mætt eru:

Stjórn og varastjórn	Hlutverk	Atkvæðavægi
Ágústa Björnsdóttir	formaður	
Vilhjálmur Jónsson (B)	varaformaður	1/11 í fjarfundi
Ívar Karl Hafliðason (D)	ritari	1/11
Hildur Þórisdóttir (L)	meðstjórnandi	1/11
Helgi Hlynur Ásgrímsson (V)	meðstjórnandi	1/11
Eyþór Stefánsson (L)	varamaður	1/11
<b>Sveitarstjórnarfulltrúar</b>		
Berglind Harpa Svavarsdóttir (D)		1/11
Björg Eyþórsdóttir (B)		1/11
Jónína Brynjólfssdóttir (B)		1/11
Pröstur Jónsson (M)		1/11
<b>Starfsfólk og embættismenn</b>		
Aðalsteinn Þórhallsson	framkvæmdastjóri	
Fjóla Sigurðardóttir		
Jón Kristinn Auðbergsson		
Bogi Kárason, Verkráð	ráðgjafi gagnaveitu	
Guðmundur Gunnarsson, Raftel	ráðgjafi gagnaveitu	
Embla Rán Gísladóttir		
Þorsteinn B. Ragnarsson		
Haddur Áslaugsson		
Jón Jónsson, hrl.	fundarstjóri	
Magnús Jónsson, endurskoðandi		
Óðinn G. Óðinsson, staðgengill sveitarstjóra		
Gunnar Jónsson, fyrrv. formaður stjórnar		

Ágústa Björnsdóttir, formaður stjórnar, setti fund kl. 16:30. Hún lagði til að Jón Jónsson lögmaður stýrði fundi og Ívar Karl Hafliðason ritaði fundargerð. Ekki var hreyft andmælum við tilnefningu formanns og tók Jón við stjórn fundarins.

Fundarstjóri ávarpaði fundinn og gekk úr skugga um lögmati hans og gerði enginn athugasemdir við lögmati hans. Fundarstjóri lagði fram bókun Byggðaráðs Múlapings, dags. 7. mars 2023 sem hljóðar svo:

*„Byggðaráð samþykkir að fulltrúar í sveitarstjórn fari með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundinum og skiptist það jafnt á þá sem mæta til fundar. Sé fulltrúi í sveitarstjórn forfallaður er viðkomandi heimilt að kalla til varafulltrúa í sinn stað, sem fer þá með atkvæði viðkomandi.“*

Vegna veðurútlits geta sveitastjórnarfulltrúar setið fundinn í fjarfundi.

## Gengið var til dagskrár:

### 1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.

15 stjórnarfundir og 3 hluthafafundir voru haldnir á árinu 2022.

14 stjórnarfundir voru haldnir milli aðalfunda 2022 og 2023 auk tveggja hluthafafunda.

Í setningarræðu sinni fór Ágústa Björnsdóttir, formaður stjórnar félagsins, yfir það helsta sem stjórn fékkst við á liðnu ári og þau verkefni sem fram undan eru. Vísað er til Ársskýrslu 2022 að öðru leyti.

*Ágæta sveitarstjórn og aðrir fundargestir.*

*Stjórn fór með starfsmönnum félagsins í heimsóknir í kjarna sveitarfélagsins til að kynna sér fráveitu og vatnsveitu og önnur þau mál sem heyra til starfsemi HEF veitna.*

*Reksturinn gengur vel og tekjur aukast. Mér líður hins vegar ekki vel með það vaxtaumhverfi sem við erum í nú og verðum væntanlega í áfram næsta misseri eða næstu misseri. Að stýrivextir séu komnir í 7,5% og verðbólgan yfir 10% er eitthvað sem ég vonaðist til að við sæjum ekki einu sinni enn. Fjármagnsgjöld félagsins námu 56 milljónum á síðasta ári samanborið við 26 milljónir árið 2021. Í okkar áætlunum er gert ráð fyrir miklum fjárfestingum næstu 4 árin og þar af leiðandi eykst fjárþörf félagsins sem mæta verður með lántöku. Við þessar aðstæður þurfum við að vanda okkur mikið í lántöku og forgangsröðun verkefna.*

*Stærsta framkvæmdin sem nú er á borði HEF veitna er án efa Hreinsivirkni við Melshorn. Nokkur umræða og vinna fór í gang þegar ljóst varð að framkvæmdakostnaður við Hreinsivirkni verður umtalsvert hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir og að mati stjórnar veitunnar yrði kostnaðurinn svo hár að óverjandi er með öllu að leggja hann á íbúa sveitarfélagsins. Þetta hefur verið rætt við ráðherra og fleiri sem hafa með málaflokkinn að gera í þeirri von að krafa yfirvalda verði með þeim hætti að við getum við unað. Því erum við að vinna að því að áfangaskipta framkvæmdinni, bæði í búnaði og húsbyggingu.*

*Fráveitu framkvæmdir eru einnig að hefjast á Djúpavogi hafa verið í gangi á Borgarfirð og þar náum við vonandi að ljúka verkinu fljótlega.*

*Hitaveita í Eiða. Mér finnst það mikið gleðiefni fyrir sveitarfélagið að hægt verði að skaffa heitt vatn í Eiða og styðja með þeim hætti við uppbyggingu þar. Öflun efnis er hafin og áætlað er að klára lögnina úteftir í sumar og tengja í september. Sú nýjung er í efnisvali og lögnin verður úr plasti í stað stáls. Þetta var niðurstaðan eftir ítarlega skoðun málsins. Það er mín trú að á Eiðum muni byggjast upp íbúðahverfi ásamt þeim framkvæmdum sem nú eru í vinnslu af dugmiklum ungum mönnum.*

*Hitaveita á Djúpavogi er verkefni sem íbúar þar hafa lengið beðið eftir niðurstöðu í.*

*Þar var framkvæmd þrjúfundingu úr sjálfrennslisholu á Búlandsnesi s.l. sumar og lofar prófunin góðu.*

*Við höfum fengið tilboð í borun síðla sumars og er sá tími okkur hagstæður þar sem borinn er að fara í önnur verkefni á svæðinu.*

*Í landi Breiðavaðs og Mýness II hafa farið fram hitastigulsrannsóknir. Samningur við landeigendur er í vinnslu og ljóst er að ekki verður haldið áfram með verkefnið fyrr en samningar hafa náðst. Ráðgjafi fullyrðir að þarna sé um vatnstökusvæði að ræða sem ekki tengist Urriðavatnssvæðinu og höfum við miklar væntingar til að á þessu svæði finnist heitt vatn.*

*Mér er nokkuð hugleikið með hvaða hætti verði hægt að fá notendur kalda- og heitavatnsins til að bera meiri virðingu fyrir auðæfum okkar og haga notkuninni ekki eins og um óþrjótandi auðæfi sé að ræða.*

*Með þessu er ég alls ekki að segja að við séum í vanda stödd en við sáum hvað gera þurfti á suðurlandi í kuldatíðinni sem var fyrir og um áramótin. Við þurftum ekki að grípa til þess ráðs og skerða afhendingu á heitu vatni til okkar notenda en ræsa þurfti varaholuna.*

*Í vatnsveitunni tel ég neysluvatnstöku á Djúpavogi vera það sem brýnt er að huga að lagfæringu á. Vatnsbólið er opið og stíflan orðin léleg.*

Vilyrði er komið frá Vegagerðinni um að færa vatnsbólið á Seyðisfirði upp fyrir gangamunnann þannig að minni áhætta verði af mengun komist í vatnsbólið vegna framkvæmda við göngin og veglögn. En líkt og á Djúpavogi er vatnsbólið opið.

Veitan hefur sett sér markmið um fyrirbyggjandi viðhald sem gæti þó seinkað eitthvað vegna nokkuð mikilla nýframkvæmda og átaki í endurnýjun vatns- og fráveitulagna.

Sérstök kynning verður hér að fundi loknum um Gagnaveituna/ljósleiðaraverkefnið og læt ég þá félagar Boga Kárason og Guðmund Gunnarsson um þann málaflökk.

Mikil vinna hefur farið í það á skrifstofunni að koma í gagnið nýju bókhaldskerfi. Mikil bót verður af nýja kerfinu, ekki síst fyrir stjórnendur og stjórn því fjármálaupplýsingar munu verða settar fram á notendavænan hátt.

Starfsmönnum höfum við fjölgað tímabundið, enda aukning á verkefnum töluverð eftir sameiningu sveitarfélaganna.

Málshöfðun Páls Breiðfjörð gegn HEF veitum er mér ekki ljúft að fjalla um, en skylt. Málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Austurlands þann 24. janúar s.l. Dómur hefur ekki verið kveðinn upp þrátt fyrir að átta vikur séu nú liðnar frá réttarhaldinu.

Þeir sem lengst sátu í dómssal voru þar frá því kl. 9 árdegis til kl.6:30 síðdegis.

Meðstjórnendum mínum færi ég þakkið fyrir þeirra góðu störf og góð samskipti. Mikil samstaða ríkir í stjórninni og það ber að þakka.

Framkvæmdarstjóra og öðrum starfsmönnum fyrir vel unnin störf og góð samskipti svo og endurskoðanda og lögfræðingi félagsins.

Bæjarstjórn og starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir gott samstarf svo og góð samskipti. Í mínum huga er grundvallar atriði að öflugt og gott samstarf sé milli HEF veitna og sveitarfélagsins, en þó þurfum við að hafa skýra mynd að hlutverki HEF veitna og þeim málaflökkum sem undir veituna heyra.

Ágústa Björnsdóttir.

Aðalsteinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri, kynnti ársskýrslu 2022 sem afhent hefur verið fundarmönnum. Skýrslan er gefin út á prenti og verður birt á heimasíðu félagsins. Þá kynnti hann starfsemina og í stórum dráttum verkefni sem unnin voru á árinu og þau sem framundan eru.

Samkvæmt tillögu fundarstjóra eru umræður um skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra teknar með umræðum um lið 2; Rekstrar- og efnahagsreikningur ársins 2022.

## 2. Rekstrar- og efnahagsreikningur ársins 2022, ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar

Lagður var fram rekstrar- og efnahagsreikningur ársins 2022, ásamt skýrslu endurskoðanda félagsins til samþykktar. Magnús Jónsson endurskoðandi fór yfir ársreikning HEF fyrir árið 2022 og endurskoðunarreglur. Hvað varðar nánari niðurstöður reikningsins er vísað í ársreikning HEF 2022.

Helstu tölur úr ársreikningi:	2022	2021	2020
Rekstrartekjur	674.030.797	641.210.938	489.682.296
Rekstrargjöld	237.145.266	233.601.750	187.233.121
Rekstrarhagnaður (-tap) (EBITDA)	436.885.531	407.609.188	302.449.175
Afskriftir	111.392.447	106.843.821	102.090.414
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	325.493.084	300.765.367	200.358.761
Hrein fjármagnsútgjöld	55.571.663	26.214.146	67.674.500
Hagnaður fyrir tekjuskatt	269.921.421	274.551.221	132.684.261
Hagnaður ársins	252.423.362	250.939.204	121.305.956
Eigið fé	1.721.797.824	1.469.374.462	1.069.348.471
Eigið fé og skuldir samtals	2.796.022.049	2.630.556.602	2.421.951.369
Langtímaskuldir	836.253.742	916.244.971	1.151.373.386
Eiginfjárlutfall	61,6%	55,9%	44,2%

Fundarstjóri gaf orðið laust um liði 1 og 2.

Til máls tóku: Berglind Harpa, Eyþór Stefánsson, Helgi Hlynur, Eyþór Stefánsson, Ágústa Björnsdóttir, Þorsteinn Ragnarsson, Gunnar Jónsson, Guðmundur Gunnarsson, Eyþór Stefánsson

Ársreikningurinn var borinn undir atkvæði og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

### 3. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps

Ráðstöfun hagnaðar. Svohljóðandi tillaga lögð fram:

Stjórnin leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2023 vegna rekstrarársins 2022, en vísar til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.

Tillagan borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### 4. Laun stjórnarmanna

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um að stjórnarlaun og þóknun fyrir fundarsetu verði óbreytt hvað varðar viðmið sem er 120. launaflokkur 1. þrep í launatöflu Samflots bæjarstarfsmannafélaga (FOSA) sem samþykkt var á aðalfundi HEF ehf. 09.03.2007. Laun taki mið af breytingum á launaflokknum. Greiðslur eru eftirfarandi:

Formaður stjórnar 50% af lfl.	kr. 203.728
Stjórnarmaður 24% af lfl.	kr. 97.789
Frádráttur vegna fundar sem ekki er setinn, 6% af lfl.	kr. -24.447
Varamaður fyrir setinn fund, 12% af lfl.	kr. 48.895
Fundarritari fyrir ritun 4% af lfl.	kr. 16.298

Tillagan borin upp og samþykkt með átta greiddum atkvæðum, Helgi Hlynur Ásgrímsson situr hjá.

### 5. Breytingar á samþykktum

Engar tillögur liggja fyrir fundinum fyrir fundinn.

### 6. Stjórn félagsins kjörin og endurskoðandi

Jónína Brynjólfsdóttir forseti sveitarstjórnar, bar upp tillögu að aðalstjórn félagsins verði óbreytt:

Aðalmenn: *Ágústa Björnsdóttir, Vilhjálmur Jónsson, Ívar Karl Hafliðason, Hildur Þórisdóttir og Helgi Hlynur Ásgrímsson.*

Tillagan samþykkt með 8 greiddum atkvæðum. Þröstur Jónsson situr hjá.

Sunna Dögg Markvad Guðjónsdóttir hefur beðist lausnar úr varastjórn. Jónína Brynjólfsdóttir leggur til að Sylvía Ösp Jónsdóttir skipi annað sæti varamanns D-lista. Þá bar Jónína upp tillögu að varastjórn félagsins:

Varamenn: *Eiður Gísli Guðmundsson, Elvar Snær Kristjánsson, Eyþór Stefánsson, Helgi Ómar Bragason og Sylvía Ösp Jónsdóttir.*

Tillagan samþykkt með 8 greiddum atkvæðum. Þröstur Jónsson situr hjá.

Framborin tillaga um að fyrirtækið KPMG hf. og Magnús Jónsson verði kjörinn endurskoðandi félagsins.

Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### 7. Önnur mál

- Þorsteinn Ragnarsson spyr hvort hátt vaxtastig hafi áhrif á mögulega framvindu framkvæmda og lántökur þeim tengdum. Ágústa svarar, að stjórn eigi eftir að taka það samtal. Jónína spyr um ástand á verktakamarkaði og vangaveltur um hvort framboð verði meira eða minna. Ágústa svarar.
- Þröstur Jónsson veltir fyrir sér viðbrögðum ef verðbólgan verður um 10% fram eftir ári. Ágústa ræðir um möguleg lánakjör og langtímahorfur. Magnús Jónsson kemur inn á rekstur HEF veitna og segir að handbært fé frá rekstri sé ákveðin lámærks upphæð sem hægt væri að nýta í fjárfestingar án lántöku. Það var um 380 milljónir kr. árið 2022.

- c) Berglind Harpa spyr hvaða verkefni var ekki farið í árið 2022 en það munaði um það bil 300 milljónum á áætlun og raun fjárfestingum. Ágústa segir að verkefni hefðu frestast t.d. hreinsistöð við Melshorn, fráveituframkvæmdir á Djúpavogi og tilraunaboranir hitaveitu.

Fundarstjóri þakkaði fyrir sig og gaf formanni orðið.

Ágústa Björnsdóttir þakkaði fyrir góðan aðalfund og þakkaði umræður í lok fundarins. Einnig bauð hún verkefnisstjóra og hönnuði ljósleiðarakerfisins í dreifbýli á Fljótsdalshéraði að koma í pontu og kynna framgang og niðurstöðu verkefnisins að fundi loknum.

Þá bauð hún fundarmönnum til kvöldverðar og sleit fundi.

Fundi slitið kl. 18:20.

Fundargerðin er árituð með rafrænum skilríkjum af fundarstjóra, fundarritara og framkvæmdastjóra.

# Undirritunarsíða

Staðfest  
Jón Jónsson

Staðfest  
Ívar Karl Hafliðason

Staðfest  
Aðalsteinn Þórhallsson